

Kvenréttindafélag Íslands 100 ára 27. janúar 2007
Málþing í Ráðhúsi Reykjavíkur á afmælisdaginn.

Björg Einarsdóttir: Leshópur KRFÍ.

Fundarstjóri - Heiðruðu tilheyrendur!
Heillakveðjur skulu færðar hinu aldargamla æruverðuga Kvenréttindafélagi Íslands!

Mitt hlutskipti er að skýra frá starfi Leshóps félagsins undanfarin 15 ár. En lestrarhópurinn á sér verðuga forvera og vil ég geta nokkurra.

Árið 1869 hóf störf Lestrarfélag Reykjavíkur með 52 meðlimum (máttu ekki vera fleiri) og drjúgt safn eigin bóka, innlendra og erlendra. Til mótvægis var árið 1901 stofnað Alþýðulestrarfélag Reykjavíkur með verulegan bókakost. Til álita kom samstarf milli síðarnefnda félagsins og kvenréttindafélagsins en af því varð ekki.

Víð um lönd var á 19. öld sú hugmyndafræði ríkjandi í kvenréttindabaráttunni að lestur góðra bóka víkkaði sjóndeildarhringinn og væri því málstaðnum til framdráttar. Í *Kvennablaðinu* segir Bríet Bjarnhéðinsdóttir frá bókmenntasamtökum kvenna erlendis. Í Stokkhólmi var opnaður “læse-salong for litterere damer” árið 1867 og í Kaupmannahöfn tók lestrarfélag kvenna til starfa 1872. Vill Bríet fara eins að hér á landi.

Árið 1904 var stofnað félagið Hringurinn í Reykjavík sem fyrstu tvö árin var lestrarhópur samfara iðkun tónlistar. Meðal stofnendanna var áður nefnd Bríet.

Á fyrsta starfsári kvenréttindafélagsins 1907 vakti Bríet, formaðurinn, máls á að koma á fót lestrarstofu fyrir félagskonur, þeim til aukinnar þekkingar og menningar.

Aflað var bóka, blaða og tímarita og stofan opnuð árið 1908 í leiguhúsnæði. En starfsemin galt þess hversu fjárvana kvenréttindafélagið var og eftir þrjú ár var gripið til þess fangaráðs að skilja að rekstur stofunnar og félagsins. Stofnað var Lestrarfélag kvenna Reykjavíkur og yfirtók það eignir lesstofunnar. Það félag starfaði fram um 1960 í styrki stjórn Laufeyjar Vilhjálmsdóttur.

Lestrarfélagið naut húsaleigustyrk frá ríki og bæ, en öll vinna við bókasafn þess, lesstofu og útlán var sjálfboðin af félagskonum. Í aldarfjórðung var rekin fjölsótt barnalesstofa í húsnæði félagsins hjá KFUM & K við Amtmannsstíg. Þau börn sem oftast komu að vetrinum hlutu verðlaun að vorinu. Árið 1937 keypti Reykjavíkurbær bækur og húsgögn ætluð börnunum og varð það vísir að barnalesstofum í Melaskóla og Austurbæjarskóla.

Handskrifað Mánaðarrit var gefið út hjá Lestrarfélaginu og félagskonur voru skyldugar að skrifa reglulega í blaðið.

Árið 1920 kaus Lestrarfélagið málhreinunarnefnd og átti hún samstarf við orðanefnd Verkfræðingafélag Íslands. Það félag beindi orðasmíðinni einkum að viðskipta- og tæknimálfari. Málnefnd Lestrarfélagskvenna aftur á móti rýndi í tungumál heimilanna og þýddi eða myndaði ný orð yfir alls konar orðskrípi sem viðgengust. Frá þeirri

hugmyndavinnu eru komin orð líkt og smjörlíki/ eldhús/ veggfóður/ skóhlífar/ regnhlíf/ tappatogari og ýmis önnur orð munntöm nútímafólki.

Þetta merka félag var lagt niður árið 1961 og eigur þess, nokkur þúsund bindi bóka, afhent Bæjarbókasafninu. Bókaeign heimila hafði almennt aukist og greiður aðgangur var orðinn að almenningubókasöfnum sem ekki hafði áður verið til að dreifa. Rifja má upp að Alþýðubókasafn Reykjavíkur, nú Borgarbókasafn, tók fyrst til starfa 1923.

Skemmst er frá því að segja að engin skipuleg lestrariðkun var hjá kvenréttindafélagsins næstu áratugina. Án efa hafa félagskonur þó litið í bók, hver fyrir sig. Síðan bregður svo við að árið 1992 berst boð um fyrirhugaðan leshóp hjá félaginu. Hlýddi ég því kalli, mætti á skrifstofuna á Hallveigarstöðum og hitti þar umsjónarmann væntanlegs hóps, Ragnhildi Vigfúsdóttur. Fleiri komu ekki í það sinn og sátum við tvær og ráðgerðum lesefnið: bækur eftir konur, um konur og svokallaðar kvennabókmenntir, með frávikum þó ef ástæða þætti til. Í endurliti virðist sem þessi hugmyndavinna okkar Ragnhildar hafa haldist í megindrátum.

Átján konur eru nú skráðar í hópinn og hafa þær aldrei komið allar samtímis en sumar oftast en aðrar. Myndast hefur kjarni tíu til tólf kvenna og eru þær iðnar við að mæta.

Starfstími Leshóps kvenréttindafélagsins er frá september til júní. Fastur fundarstaður er suðurendi loftsalar í veitingahúsinu Lækjarbrekku við Bankastræti og fundartími síðdegis kl. 17 – 19.. Ákveðinn vikudag í byrjun hvers mánaðar hittist hópurinn, ein flytur yfirlit um þá bók sem er til umræðu, segir frá höfundu hennar og kemur umræðum af stað. Þá er orðið frjálst og oft verða umræður líflegar og skoðanir skiptar. Í fundarlok er rifjað upp hvaða bók verði til umræðu á næsta fundi og einni falið að gera henni þá skil Venjulega eru flestar búnar að lesa bókina sem fjallað er um hverju sinni..

Á fundum í september er umræða um verkefni vetrarins framundan og kallað eftir hugmyndum og sérstökum óskum ef einhverjar eru. Í desember er hópurinn oftast heima hjá einhverri leshópskonu og kemur hver með sjálfvalið efni. Upp á síðkastið höfum við helgað janúarfund “jólabókaflóðinu” og því sem við höfum náð að lesa úr því. Júnímánuður er ætlaður til útiveru eftir innisetur vetrarins. Þær sem hafa ráð á sumarhúsi bjóða ef til vill þangað, farin hefur verið skoðunarferð um gömlu hverfin í Reykjavík, sögustaðinn Laugarnes og Laugardalinn og Viðey höfum við heiðrað með heimsókn. Í slíkri útivist eru bókmenntir ekki endilega í fyrirrúmi heldur gleðin af góðu samstarfi og kynnum sem hafa þróast í árána rás.

Á 15 ára tímabili teljast fundirnir hafa vera 105 og með tilliti til frávika sem getið var standa eftir 60 fundir þar sem einhver ritverk hafa verið til umræðu; ýmist eitt verk frá höfundu og til þess að lesa allt sem einhver höfundur hefur látið frá sér fara Alls hafa 14 höfundar komið í heimsókn á fund hjá hópnum og fær þá umræðan nýja vídd; enn fremur hafa tveir þýðendur komið, svo og sagnfræðingur og einn sérfræðingur um rótgróin tákni eftir að við lásum DA Vinci lykilinn.

Leshópurinn hefur farið í leikhús og á kvikmyndasýningar og þá gjarnan sest niður eftir sýningu til að ræða málið. Einn leikhöfundur hefur mætt til viðræðna hjá hópnum og var það sérlega áhugavert.

Einn vetrarpart helguðum við bresku skáldkonunni Jane Austen og ritverkum hennar. Í framhaldi af því tryggðum við okkur sérmenntaðan enskan leiðbeinanda og fórum tíu saman til Englands og ókum á bílaleigubíl um slóðir skáldkonunnar. Annað ár lögðum við okkur eftir spænskum bókmenntum og leiddi það til Spánarferðar..

Ekki höfum við, sem nú teljumst vera í leshópi Kvenréttindafélags Íslands, lagt fyrir okkur orðasmíð en leitumst við að halda í heiðri þau orð sem fyrirrennarar okkar smíðuðu Ekki höldum við heldur úti blaði enda þótt sumar hafi haft tilburði til ljóðagerðar, hins vegar er ein í hópnum lærður ljósmyndari og gerir hún okkur myndræn skil.

Enda þótt leshópurinn hafi starfað laustengdur frá kvenréttindafélaginu á hann uppruna sinn ótvírætt hjá því. Á aðalfundum félagsins höfum við skýrt frá athöfnum okkar -og ekkert dregið undan- en engar átölur hlotið og er slíkt umburðarlyndi mikils metið. Saga Kvenréttindafélags Íslands 1907-1992, “*Veröld sem ég vil*”, hefur verið lesin, höfundur hennar, Sigríður Th. Erlendsdóttir, komið til okkar og fjallað um tilurð slíks fræðirits. Sumt sem hér hefur verið tilgreint frá fyrri tíð er fengið úr því riti.

Umsjónarmenn leshópsins hafa verið þrír, Ragnhildur er þegar nefnd, Kristín Edda Gylfadóttir tók við af henni og nú heldur Þorbjörg Daníelsdóttir utan um hópinn.

Næsti fundur er fyrirhugaður miðvikudaginn 7. febrúar n.k. og mun þá rithöfundurinn Elísabet Jökulsdóttir koma til okkar, kynna verk sín og lesa úr þeim.

Tilgangurinn með leshópi er óbreyttur frá skilgreiningu Bríetar þegar henni var það hjartans mál að koma einum slíkum á laggirnar árið 1907: “Að vekja og efla löngun til að lesa góðar bækur, að rekja og ræða efni þeirra til aukins skilnings”.

Að lokum skal tekið undir með Fjölnismanninum séra Tómasi Sæmundssyni um gildi bókmennta:

“Bækurnar eru annað auga mannsins, þær eru kennendur heimsins”.